

Mál nr. 133/2018**M og
V vegna frítímaslysáttryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna slyss þann 1. apríl 2015.****Gögn.**

Málskot móttengið 3.5.2018 ásamt fylgigögnum 1-10.
Bréf V, dags. 16.5.2018.

Málsatvik.

M var í körfubolta þann 1. apríl 2015 þegar hann fékk boltann framan á hægri höndina með þeim afleiðingum að 3., 4. og 5. fingur beygluðust út á við. Hinn 3.4.2015 leitaði M á bráðamóttöku Landspítalans. Í læknisvottorði spítalans kemur fram að M hafi fundið mest fyrir baugfingri, hann hafi ekki verið bólginn daginn eftir slysið en síðan hafi hann bólgað meira og komið roði og þrot í handarbak. Röntgen sýndi ekki brot en vegna gruns um sýkingu var M settur á sýklalyf. M leitaði aftur til lækni þann 11. apríl 2015 og 20. apríl 2015 vegna áframhaldandi einkenna. Þann 18. maí 2015 fór M í myndgreiningu og var beingerð eðlileg og greindust engar sjúklegar liðbreytingar. Vegna áframhaldandi einkenna fór M í röntgen myndgreiningu og segulómsskoðun þann 27. ágúst 2015, þar sem kom í ljós aukinn vökvi í handarbaki. Þann 21. janúar 2016 leitaði M til heimilislækni vegna einkenna í vinstri hásin. Við þá komu fram einnig að hann væri með ónot á milli hnúa í hægri hendi og að máttur væri minni við að kreppa lófann. Þann 10. ágúst 2017 leitaði M til heimilislækni vegna slæmra verkja í handabaki. Tilkynnti M slysið til V hinn 19. október 2017.

V hafnar bótaskyldu og telur að slysið hafi ekki verið tilkynnt félaginu innan lögbundins tilkynningarfrests skv. 124. gr. vsl. V bendir á að M hafi haft viðvarandi einkenni frá tjónsdegi og að hann hafi mátt gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins í síðasta lagi í janúar 2016.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta, samkvæmt slysáttryggingu þeim rétti ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. Þegar litið er til gagna málsins er ljóst að M gekkst undir myndgreiningu og segulómsskoðun þann 27. ágúst 2015 þar sem áverkki var greindur. Verður ekki annað séð af læknisfræðilegum gögnum málsins en að M hafi haft nokkur eða veruleg óþægindi vegna áverkans allt frá degi tjónsatviks. Með hliðsjón af niðurstöðu segulómsskoðunar og langvarandi verkja M verður að ætla að M hafi mátt vera ljós atvik sem krafa hans um bætur úr frítímaslysáttryggingu er reist á eftir að hann leitaði til heimilislækni þann 21. janúar 2016. Verður því ekki talið að tilkynning til V hafi borist innan þess ársfrests sem tilgreindur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til greiðslu bóta úr frítímaslysáttryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 15. júní 2018

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Lúðvík Bergvinsson lögfr.